



Skútustaðahreppur
Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sólhvölsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 22. september 2014
Tilv.: IRR14080019/18.10.1

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps nr. 690/2013. sbr. erindi yðar sent ráðuneytinu 31. júlí 2014. Samþykktin hefur verið sent til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir hönd innanríkisráðherra



Hermann Sæmundsson



Stefanía Traustadóttir

Fylgiskj.: Staðfest samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Skútustaðahrepps.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins
Skútustaðahrepps nr. 690/2013.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps heldur almennt reglulega fundi sveitarstjórnar á skrifstofu sveitarfélagsins, annan og fjórða fimmtudag í mánuði.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. samþykktarinnar:

a) A liður greinarinnar verður svohljóðandi:

1. *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fara með málefni grunn-, leik- og tónlistarskóla skv. erindisbréfi.
2. *Félags- og menningamálanefnd*. Fimm að almenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um málefni félagsþjónustu, fatlaðra, aldraðra, jafnréttismál, forvarnir, áfengis- og vímuvarnir og húsnæðismál. Nefndin fjallar jafnframt um æskulýðs- og íþróttamál, menningamál þar með talið almenningsbókasafn.
3. *Skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um skipulags- og samgöngumál. Einnig fjallar nefndin um málefni veitna.
4. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um umhverfis- og hreinlætismál.
5. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargri til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um atvinnumál. Þá fjallar nefndin um fasteignir í eigu sveitarfélagsins, kaup, viðhald, nýbyggingar og fleira.
6. *Landbúnaðarnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargri til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um málefni landbúnaðarins þar með talið eyðingu vargs.
7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara.
8. *Fjallskilastjórar*. Tveir.
9. *Grenjaskyttur*. Tvær.

b) 1. tölul. B-liðar samþykktarinnar fellur brott og breytast aðrir töluliðir í samræmi við það.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu 22. september 2014

F. h. innanríkisráðherra,


Hermann Sæmundsson


Stefanía Traustadóttir